



Fundargerð

483. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu Kirkjubæjarstofu þekkingarseturs Klausturvegi 4, 2. hæð, fimmtudaginn 1. desember 2022, kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson, Einar Kristján Jónsson og Karl Antonsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Jóhannes Gissurarson, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2210010 - Samþykkt um kjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum.

Lagt fram að nýju.

Fyrir fundinum liggur tillaga að samþykkt um launakjör fulltrúa í stjórnnum, ráðum og nefndum á vegum sveitarfélagsins. Launakjör eru sambærileg við launakjör, annara sveitafélaga í svipaðri stærð. Samþykkt þessi gildir frá og með 1. janúar 2023.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi samþykktir um launakjör með breytingum á 12.gr..

2. 2210003 - Bréf frá Æskulýðsnefnd kirkna í Rangárvallasýslu, dagsettt 28. september 2022

Frestað erindi frá 481. fundi sveitarstjórnar, lagt fram að nýju.

Sveitarstjórn tekur til umfjöllunar að nýju, erindið.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita Æskulýðsnefnd kirkna í Rangárvallasýslu, styrk að upphæð 25.000 kr. vegna ársins 2022 og kr. 30.000 vegna ársins 2023.

Verður styrkurinn tekinn af lið: 0601/9991

3. 2211001 - Ósk um niðurfellingu fasteignagjalda árið 2023

Bréf frá Björgunarsveitinni Kyndli, þar sem óskað er eftir að fasteignagjöld á fasteigninni lðjuvöllum 5, Kirkjubæjarklaustri verði feld niður á árinu 2023.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fella niður fasteignagjöld og önnur meðfylgjandi gjöld af fasteigninni lðjuvöllum 5, sem er í eigu Björgunarsveitarinnar Kyndils, vegna ársins 2023.

Er kostnaðurinn tekinn af lið: 0789/9921

Björn Helgi Snorrason, vék af fundi undir þessum lið.

sh.
BHS
J.G.
G.S.
A.G.



4. 2211017 - Snjómokstur og hálkuvarnir á Kirkjubæjarklaustri

Með vísan til gr. 1. samnings um snjómokstur á Kirkjubæjarklaustri 2019-2022, samþykkir sveitarstjórn samhljóða að verksamningur milli Skaftárhrepps og Páls S. Oddsteinssonar, dagsettur, 19. nóvember 2019, vegna snjómoksturs á Kirkjubæjarklaustri verði framlengdur til eins árs. Þannig gildir verksamningur aðila um snjómokstur á Kirkjubæjarklaustri, dagsettur þann, 19. nóvember 2019 til og með 15. apríl 2023. Er það gert með því sjónarmiði að aðrir samningar vegna snjómoksturs í sveitarfélaginu gilda til og með 15. apríl 2023.

5. 2211015 - Fjárhagsáætlun ársins 2023.

Fjárhagsáætlun ársins 2023 lögð fram til fyrri umræðu.

Sveitarstjóri kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2023. Farið var yfir rekstur málaflokka, eignarsjóðs og B hluta fyrirtækja. Við fyrri umræðu vantar upplýsingar frá flestum byggðasamlögum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa fjárhagsáætlun ársins 2023 til síðari umræðu.

6. 2211016 - Fjárhagsáætlun áráanna 2024, 2025 og 2026

Fjárhagsáætlun áráanna 2024, 2025 og 2026, lögð fram til fyrri umræðu.

Sveitarstjóri kynnti fjárhagsáætlun fyrir árin 2024, 2025 og 2026. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa fjárhagsáætlun áráanna 2024, 2025 og 2026 til síðari umræðu.

Fundi slitið kl. 17.20.


Jóhannes Gissurarson


Björn Helgi Snorrason


Gunnar Pétur Sigmarsson


Auður Guðbjörnsdóttir


Sveinn Hreiðar Jensson